

Skref til framfara

Undanfarin misseri hefur umræðan um úrræðaleysi og mögulegar lausnir varðandi málefni veglausra og jafnframt annarra einstaklinga með alvarlegar geðraskanir verið ofarlega á haugi.

Þann 1. nóvember sl. óskaði stjórn Hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands eftir viðræðum við samstarfsnefnd ríkisstjórnar Íslands um málefni geðfatlaðra sem nýlega var sett á laggirnar um fjölgun úrræða er lúta að húsnæðismálum. Af því tilefni vill Geðhjálp lýsa yfir mikilli ánægju og koma á framfæri þakklæti til hlutaðeigandi, að því er fram kemur í frétt frá samtökunum. Tekið skal undir þá sýn manna að húsnæðisvandinn sé hluti þeirra brýnu úrlausnarefna í málefnum geðsjúkra sem hrint verður í framkvæmd. Það er því ósk Geðhjálpar að aðrir þættir sem ræddir hafa verið og lagðir hafa verið fyrir opinbera aðila og flokkast undir brýn úrlausnarefni í ofangreindu samhengi, s.s. umönnunarstofnun, hreyfanlegt teymi með þverfaglegri aðkomu og skoðun lagaumhverfisins verði jafnframt sett í forgang í framkvæmdalegu tilliti.